

Sp. 149. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]
um jöfnun orkukostnaðar.

Flm.: Guðmundur Búason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera tillögur sem miði að því að jafna orkukostnað landsmanna hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Tillögurnar skulu lagðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Í kjölfar olfukreppunnar á síðasta áratug hvöttu stjórnvöld mjög til þess að leitað yrði innlendra orkugjafa til húshitunar, fyrst og fremst með borun eftir heitu vatni en annars með notkun raforku þar sem heitt vatn fundist ekki. Tilgangurinn var sá að spara dýrmætan gjaldeyri og einnig að ná fram jöfnuði meðal landsmanna á þessu sviði. Hið fyrrnefnda hefur náðst og er nú mikill meiri hluti húsnæðis landsmanna hitaður með orku frá innlendum orkugjöfum. Því síðarnefnda, jöfnuði meðal landsmanna, hefur hins vegar mistekist að ná og má ætla að mismunur á húshitunarkostnaði geti verið allt að fjórfaldur sé einungis miðað við stærri orkuveiturnar. Þrátt fyrir þetta háa orkuverð er staðreyndin sú að þær hitaveitur, sem eru verst settar fjárhagslega og jafnframt yfirleitt þær dýrustu, þyrftu að hækka gjaldskrár sínar verulega eigi þær að hafa einhverja möguleika á að komast yfir erfiðleikana.

Vandi þessara veitna, sem eiga það sameiginlegt að hafa verið byggðar upp á síðustu árum, stafar fyrst og fremst af óðaverðbólgu og gengisfalli krónunnar vegna þess að þær eru að stórum hluta byggðar fyrir erlent lánsfé. Þarna hefur því skapast algjörlega óviðunandi ástand sem enginn gat þó séð fyrir.

Hjá þeim, sem enn hita hús sín með olíu eða rafmagni, er ástandið svipað, þ.e. að kostnaðurinn er margfaldur miðað við ódýrustu veiturnar.

Að því er varðar aðra raforkunotkun einstaklinga og atvinnufyrirtækja er mismunurinn einnig mjög verulegur milli landsvæða.

Á síðustu árum hefur orðið veruleg búseturöskun í landinu og má hiklaust telja að enginn einn þáttur valdi þar meiru um en ójafn orkukostnaður. Því er nauðsynlegt að nú þegar verði kannaðar allar hugsanlegar leiðir til að jafna þennan mun.